

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Stokkseyrarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.

Samkvæmt ósk Djúpavogshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009 frá 25 nóvember 1991.

Breytingin felst í því að bætt er við tveimur einbýlishúsalóðum við Borgarland austan undir Borgargerðiskambi.

Hreppsnefnd Djúpárhrepps tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar frá 17. ágúst 1981 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að iðnaðarsvæði á Nesi stækkar til suðurs vegna flokkunarstöðvar fyrir sorp.

Hreppsnefnd Búðahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.